# HÚNAÞING VESTRA,
## AÐALSKIPULAG 2014-2026
## Víðihlíð/Víðigerði




GILDANDI AÐALSKIPULAG




BREYTT AÐALSKIPULAG

## GREINARGERÐ

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 skv. 2. mgr skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið breytingarinnar er að auka við gistiframboð innan sveitarfélagsins og einnig að bæta nýtingu núverandi mannvirkja.

Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun við Víðihlíð merkt sem VÞ-19 en stærð svæðis er 2,5 ha. Innan lóðar er gert ráð fyrir eldsneytisafgreiðslu og starfsemi tengd félagsheimilinu.

Breytingin fjallar um að á svæðinu verður eftir breytingu skilgreint nýtt svæði undir ferðaþjónustu og fær númerið VÞ-21.

Við töflu á bls. 26 í greinargerð aðalskipulags bætist því við nýtt svæði.

| Nr | Heiti svæðis | Lýsing | Jörð |
|---|---|---|---|
| VÞ-21 | Víðihlíð | Innan svæðisins er heimilt að reisa 15 kúluhús ásamt bílastæðum fyrir húsin. Aðstaða fyrir þjónustu verður í félagsheimilinu. Leyfilegt byggingarmagn allt að 225 fm. Í nánari skipulagsgerð og hönnun mannvirkja skal tryggt fullnægjandi brunavarnir, aðgengi slökkviliðs, vatnsöflun til slökkvistarfa og brunaviðvörun í samræmi við gildandi reglur. Endanleg brunahönnun verður unnin á byggingarleyfisstigi í samráði við Brunavarnir Húnaþings vestra. Fjöldi gistirúma er 30. . Skjólveggir eru á milli kúlnanna. Auk þess verður skjólvegg komið upp fyrir ofan kúlurnar (á milli þjóðvegarins og kúlnanna). | Auðunnar-staðir 2 |

Við gerð breytingar á aðalskipulagi hefur verið tekið tillit til umsagna Brunavarna Húnaþings vestra og niðurstaðna umferðaröryggismats. Þá er tekið mið af niðurstöðum umferðaröryggismats og umsögnum Vegagerðarinnar þar sem áréttað er að breytingin felur ekki í sér nýjar vegtengingar eða breytingar á Hringvegi. Unnið verður áfram í samráði við Vegagerðina um mögulegar úrbætur í þágu umferðaröryggis.

Kúlurnar eru úr polycarbonate plötum sem veita ágætis verndun frá hljóðbylgjum. Þykk gluggatjöld eru allan hringinn sem draga úr áhrifum hljóðs á kúlurnar. Form kúlnanna hefur það í för með sér að hljóðbylgjur skella ekki á þeim með sama þunga og ef um hefðbundið hús væri um að ræða.

Landupplýsingar frá Landmælingum Íslands IS 50V.

### Byggð

- Landbúnaðarsvæði (<200m y.s.)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Lögbýli/Eyðibýli
- Verslun og þjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- E — Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- ÓB — Óbyggð svæði (>200m y.s., afréttalönd)
- Ár og vötn

### Samgöngur

- Stofnvegir
- Aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir/fornar þjóðleiðir (að hluta varðaðar)
- Reiðleiðir

### Veitur

- RAFVEITA
- Háspennulínur 66 kV og stærri
- S — FJARSKIPTAMASTUR
- Mörk skipulagssvæðis (og sveitarfélagsins)
- Jarðamörk skv. RALA (til skýringar)

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 12. júní 2025

Sveitarstjórn Húnaþings vestra

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 28.05 2026

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 20__.


LANDMÓTUN.

Landmótun sf. teiknistofa landslagsarkitekta
Hamraborg 12, s: 575 5300
200 Kópavogur f: 554 5360 Netfang landmotun@landmotun.is


# AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026

## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARÐI 1: 100.000 | DAGS. 20.02.2026 | SKIPULAG: ÖÖG | TEIKNAÐ: ÖÖG

VERKNR. 5508-SA1301K | TEIKN nr. SA1301K-01 | Br.